

um að halda námskeið samkvæmt þessari málsgrein. Gjöld fyrir námskeiðin skulu ákveðin af ráðherra að fenginni tillögu prófnefndar, nema samningar takist við framkvæmdaraðila um að hann beri fjárhagslega ábyrgð á námskeiðinu.

7. gr.

Prófnefnd er heimilt að ráða sér starfsmann til að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd prófa og námskeiða skv. 2. mgr. 6. gr.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 58. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfa-viðskipti, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 138/1992 um námskeið og próf til að öðlast leyfi til verðbréfa-miðlunar.

Viðskiptaráðuneytinu, 28. apríl 1999.

Finnur Ingólfsson.

Benedikt Árnason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 367/1997 um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki.

1. gr.

Á eftir 1. gr. bætist við ný gr., 1. gr. a, sem orðast svo:

Að svo miklu leyti sem ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 46. tölul. VII. viðauka við samninginn um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi, tekur til starfa í iðnaði skulu ákvæðin öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af VII. viðauka, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

Eftirtalin gerð öðlast því gildi hér á landi:

- Tilskipun ráðsins 75/368/EBE frá 16. júní 1975 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt að því er varðar ýmsa starfsemi (úr ISIC deildum 1 til 85) og einkum bráðabirgðarástafanir með tilliti til þessarar starfsemi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, eins og henni hefur verið breytt með lögum nr. 40/1997, öðlast þegar gildi.

Texti framangreindrar tilskipunar, áður birtur í sértili S 34 í EES-gerðum sem tengdust Stjórnartíðindum, birtist í viðauka við reglugerð þessa.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. apríl 1999.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

VÍÐAUKI
TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 16. júní 1975

um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt að því er varðar ýmsa starfsemi (úr ISIC deildum 1 til 85) og einkum bráðabirgðaráðstafanir með tilliti til þessarar starfsemi

(75/368/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57., 66. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins, ⁽¹⁾

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar, ⁽²⁾

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt sáttmálanum er ekki leyfilegt að loknu aðlögunartímabilinu að mismuna fólki á grundvelli ríkisfangs að því er varðar staðfesturéttinn og réttinn til að veita þjónustu. Slíkt jafnræði hvað varðar ríkisfang nær einkum til réttarins til að ganga í fagfélög þegar starf hlutaðeigandi hefur óhjákvæmilega í för með sér að hann neyti þess réttar.

Enn fremur er kveðið á um það í 57. gr. sáttmálans að tilskipanir skuli gefnar út um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi til að auðvelda fólki að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi, jafnframt því sem samræma skuli ákvæði laga og stjórnisýslufyrirmæla í aðildarríkjunum.

Jafnvel þótt gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum og samræmingu hafi ekki verið komið á er engu að síður æskilegt að auðvelda einstaklingum að öðlast staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu á því sviði sem um ræðir, einkum með því að taka upp bráðabirgðaráðstafanir í anda hinna almennu áætlana ⁽³⁾ og komast þannig hjá því að ríkisborgarar aðildarríkja lendi í verulegum erfiðleikum þar sem engum skilyrðum er háð að hefja slíka starfsemi.

Til þess að afstýra erfiðleikum ættu bráðabirgðaráðstafanir fyrst og fremst að felast í því að meta starfsreynslu í tiltekinn lágmarkstíma í landinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, hafi ekki of langur tími liðið frá því hennar var aflað, sem fullnægjandi skilyrði fyrir því að hefja starfsemi á því sviði sem hér um ræðir í gistiríkjum sem setja reglur um slíka starfsemi enda búi hann yfir sambærilegri fagþekkingu og krafist er af ríkisborgurum gistiríkisins.

Þessi tilskipun nær yfir tvenns konar starfsemi, hér er átt við:

- starfsemi sem má einungis stunda eftir nokkuð yfirgripsmikla starfsmenntun og er af þeim sökum háð ströngum skilyrðum í hinum ýmsu aðildarríkjum bandalagsins;
- starfsemi þar sem slíkrar yfirgripsmikillar starfsmenntunar er ekki krafist;

og því ætti að setja ákvæði um tvenns konar bráðabirgðaráðstafanir sem eiga við hvorutveggja starfsemina.

Starfsemi einkaleyfisstofa og löggildingarstofa telst til nýtingar á hugviti og er aðgreind frá starfsemi banka eða annarra fjármálastofnana. Af þeim sökum heyrir slík starfsemi ekki undir gildissviði tilskipunar ráðsins 73/183/EBE ⁽⁴⁾ frá 28. júní 1973, þrátt fyrir að hún heyrir undir flokk 620 í ISIC atvinnugreinaflokkuninni, um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar sjálfstæða starfsemi banka og annarra fjármálastofnana.

Hvorki starfsemi ráðgjafarverkfræðinga (ISIC flokkur 833) né starfsemi ráðgjafa um atvinnuhúsnæði eða einkaleyfalogmanna (ISIC flokkur 831) heyrna undir þessa tilskipun.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 45, 10. 5. 1971, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 93, 21. 9. 1971, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 32/62 og 36/62.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 194, 16. 7. 1973, bls. 1.

Starfsemi í ISIC yfirflokki 73 (boðmiðlun) heyrir venjulega undir opinbera póst- og fjarskiptaþjónustu og stærstur hluti starfsemi í þeim yfirflokki heyrir af þeim sökum ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar. Hins vegar gætu sumar greinar starfsemi í ISIC yfirflokki 73 verið á vegum einkaðíla og ætti þessi tilskipun af þeim sökum að taka til þeirra.

Þjónusta á sviði farþega- og farmflutninga heyrir undir ákvæði sáttmálans um flutninga og nær þessi tilskipun því ekki til þjónustustarfsemi að því er varðar flutningastarfsemi sem þar er skráð.

Þar til reglur bandalagsins taka gildi skulu núgildandi ákvæði sem gera greinarmun á flutningum á vatnaleiðum innanlands, strandflutningum og sjóflutningum gilda áfram.

Að því er varðar starfsemi sem heyrir undir ISIC flokk 859 er andlitsnudd eina starfsemin í þeim flokki sem þessi tilskipun nær til, þar sem starfsgreinin „masseurkinesitherapist“ (sjúkranudd og nudd fyrir íþróttafólk) heyrir undir aðra tilskipun.

Happdrætti og svipuð starfsemi sem heyra undir ISIC flokk 859 heyra oft undir opinbera þjónustu, annaðhvort beint eða í gegnum opinbera aðila, eða er óheimil og heyra sumar greinar þessarar starfsemi af þeim sökum ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar. Hins vegar er slík starfsemi í sumum aðildarríkjunum iðkuð af einkaaðilum og ætti þessi tilskipun að ná til hennar.

Sumar greinar starfsemi í ISIC flokki 859, til að mynda meindýraeyðing sem felur í sér notkun eiturefna heyra undir tilskipun ráðsins 74/556/EBE ⁽¹⁾ frá 4. júní 1974 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi, verslunar með og dreifingar á eiturefnum og vegna starfsemi sem felur í sér notkun slíkra efna í atvinnuskyni, að meðtalinni starfsemi milliliða.

Starfsemi leiðsögumanna er stunduð í sumum aðildarríkjunum á afmörkuðum landsvæðum og skal hlíta ítarlegum reglum. Af þeim sökum ætti hún ekki að heyra undir þessa tilskipun að starfsemi fararstjóra og túlkandi leiðsögumanna undanþeginni.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 307, 18. 11. 1974, bls. 1.

Ekki verður þörf fyrir þær bráðabirgðaráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun þegar skilyrði fyrir því að hefja og stunda umrædda starfsemi hafa verið samræmd og gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum, vottorðum og annarri formlegri menntun og hæfi hefur verið komið á.

Í þeim aðildarríkjum þar sem aðgangur að og iðkun þeirrar starfsemi sem um getur í þessari tilskipun er jafnframt, þegar launþegar eiga í hlut, háð því að þeir búi yfir fagþekkingu eða hæfni skal þessi tilskipun einnig ná til þess hóps með það að markmiði að afnema höft sem eru á frelsi launþega til flutninga og vera þannig til viðbótar þeim ráðstöfunum sem samþykktar voru með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 ⁽²⁾ frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins.

Af sömu ástæðu skulu ákvæði um meðmæli og sönnun þess að viðkomandi hafi ekki áður orðið gjaldþrota einnig ná til launþega.

Rétthafi sem óskar eftir að fá staðfestu í þeirri grein starfsemi sem hér um ræðir í gistiríki verður að hafa stundað hana áður og búa yfir þeirri starfsmenntun sem krafist er í greininni, geri gistiríkið þá kröfu til eigin ríkisborgara.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera þær ráðstafanir á yfirráðasvæðum sínum sem kveðið er á um í þessari tilskipun varðandi staðfestu eða þjónustustarfsemi einstaklinga, fyrirtækja og félaga (hér eftir nefndir „rétthafar“) er heyra undir I. bálk hinna almennu áætlaða og óska eftir því að starfa sjálfstætt á þeim sviðum sem um getur í 2. gr.

2. Tilskipun þessi tekur einnig til ríkisborgara aðildarríkja sem óska eftir að starfa sem launþegar á þeim sviðum sem um getur í 1. mgr. 2. gr., eins og kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 1612/68.

2. gr.

1. Tilskipun þessi tekur til þeirrar starfsemi sem er skráð í viðaukanum.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

2. Starfsemi sem heyrir undir ISIC flokk 859 og felur í sér notkun eiturefna heyrir undir gildissvið tilskipana 74/556/EBE og 74/557/EBE ⁽¹⁾.

3. Tilskipun þessi tekur ekki til réttar til að veita þjónustu að því er varðar þá starfsemi sem heyrir undir yfirflokk 71 og skráð er í viðaukanum.

4. Tilskipun þessi tekur ekki til starfsemi sem tengist farandsölu.

5. Tilskipun þessi tekur ekki til starfsemi leiðsögumanna (úr ISIC flokki 859) að undanþeginni starfsemi fararstjóra og túlkandi leiðsögumanna sem skráð er í viðaukanum.

3. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við sína eigin ríkisborgara, sem æskja þess að takast á hendur störf þau sem getið er í 1. mgr. 2. gr., að þeir leggi fram meðmæli eða sönnun þess að þeir hafi ekki orðið gjaldþrota, eða geti vottað hvort tveggja, þá ber því ríki að taka „sakavottorð“ sem gildan vitnisburð, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, eða að öðrum kosti jafngilt skjal sem gefið er út af þar til bæru dómssvaldi eða stjórnvaldi í upprunalandi hins erlenda ríkisborgara eða í landi því sem hann kemur frá er sýnir að skilyrðum sé fullnægt.

2. Fari gistiríki fram á það við sína eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja einhverja þá starfsemi sem heyrir undir ISIC flokka 843 og 859, einkum leikjastarfsemi, að þeir sýni fram á óflekkað mannorð og ekki er hægt að færa sönnun á að þeir fullnægi settum skilyrðum með skjalinu sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., þá ber því ríki að taka gilt sem næga sönnun, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, vottorð sem gefið er út af þar til bæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í upprunalandinu eða í landinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá sem sýnir að skilyrðum hafi verið fullnægt. Í slíku vottorði þurfa að koma fram þær upplýsingar sem gistiríkið telur skipta máli.

3. Ef upprunaríkið eða ríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gefur ekki út skjalið sem um getur í 1. og 2. mgr. um að viðkomandi hafi óflekkað mannorð og hafi ekki verið lýstur gjaldþrota, má eiðsvarin yfirlýsing koma í staðinn — eða í aðildarríkjum þar sem engin ákvæði eru til um eiðsvarnar yfirlýsingar, drengskaparheit — sem viðkomandi gefur frammi fyrir þar til bæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu eða, þar sem það á við, lögbók-

anda í upprunaríkinu eða ríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá; umrætt yfirvald eða lögbókandi gefur út vottorð er staðfestir áreiðanleika eiðsvörnu yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitisins. Einnig má gefa yfirlýsingu um að viðkomandi hafi ekki orðið gjaldþrota frammi fyrir þar til bæru fagfélagi eða -samtökum í téðu landi.

4. Hvað varðar leikjastarfsemi sem heyrir undir ISIC flokka 843 og 859 skal aðildarríkið, þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr., eiga rétt á að hafa úrslitavald í öllum málum sem henni tengjast, að því tilskildu að ekki séu notaðir ólíkir mælikvarðar fyrir ríkisborgara þess ríkis og ríkisborgara annars aðildarríkis.

5. Skjöl sem gefin eru út samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki lengur en í þrjá mánuði frá útgáfudegi.

6. Aðildarríkjunum ber, innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 12. gr., að tilnefna lögbær yfirvöld og stofnanir er gefa skulu út vottorðin sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. Þessarar greinar að tilkynna það öðrum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þegar í stað.

7. Í gistiríki þar sem krafist er vottorðs er sýni fjárhagsstöðu hlutaðeigandi aðila skal vottorð sem gefið er út af bankastofnunum í upprunalandinu eða í landinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá tekið jafngilt vottorðum sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.

4. gr.

Aðildarríki sem setja ákveðin skilyrði um menntun og hæfi til að fá að hefja og stunda þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 2. gr. skulu tryggja út réttthafa sem sækir um séu veittar upplýsingar um reglur þeirrar starfsgreinar sem hann æskir að stunda áður en hann staðfestist eða hefur tímabundið starf.

5. gr.

1. Þar sem svo háttar til í aðildarríki að leyfi til að fá að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur viðaukanum og sem tilgreind er hér að aftan:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 307, 18. 11. 1974, bls. 1 og 5.

<i>Yfirflokkur</i>	<i>Flokkur</i>
úr 04 Fiskveiðar	043
úr 38 Framleiðsla samgöngutækja	{ 381 382 386
úr 71 Starfsemi tengd flutningum og starfsemi önnur en flutningar	{ úr 711 úr 712 úr 713 úr 714 úr 716
73 Boðmiðlun: póstþjónusta fjarskipti	
úr 85 Þjónustugreinar	{ 854 úr 856 úr 859 (viðhald og hreinsun bygginga eða einungis gistiherbergja)

er háð því skilyrði að hlutaðeigandi aðili búi yfir almennri, viðskipta- eða fagþekkingu og hæfni, skal það aðildarríki viðurkenna sem fullnægjandi vitnisburð um slíka þekkingu og hæfni að viðkomandi hafi stundað slíka starfsemi í öðru aðildarríki í einhvern þann tíma sem hér er tilgreindur:

- a) sex ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu; eða
- b) þrjú ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu enda geti réttthafi sýnt fram á að hann hafi áður hlotið þjálfun í þrjú ár hið minnsta á því sviði sem um ræðir, staðfest með vottorði sem ríkið viðurkennir eða þar til bær fagfélög eða -samtök telja fullnægjandi; eða
- c) þrjú ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu enda geti réttthafi sýnt fram á að hann hafi stundað þá starfsemi sem um ræðir í minnst fimm ár á annarra vegum; eða
- d) fimm ár samfelld í stjórnunarstöðu, þar af í þrjú ár hið minnsta við tæknistörf með ábyrgð á einni eða fleiri deildum fyrirtækisins enda geti réttthafi sýnt fram á að hann hafi hlotið minnst þriggja ára þjálfun til þess starfs er um ræðir, staðfest með vottorði sem ríkið viðurkennir eða þar til bær fagfélög eða -samtök telja fullnægjandi.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í a- og c-lið 1. mgr. mega ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að starfi á því sviði sem um ræðir lauk, miðað við dagsetningu umsóknar

þeirrar er greint er frá í 9. gr. Á hinn bóginn geta aðildarríki sem kveða á um styttra tímabil fyrir eigin ríkisborgara látið það sama gilda um réttthafa.

6. gr.

Að því er varðar beitingu 5. gr.:

1. Þar sem svo háttar til í aðildarríki að leyfi til að fá að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 2. gr. er háð því skilyrði að hlutaðeigandi aðili búi yfir almennri, viðskipta- eða fagþekkingu og hæfni skal það ríki, með aðstoð framkvæmdastjórnarinnar, veita hinum aðildarríkjunum upplýsingar um megineinkenni þeirrar starfsgreinar;
2. Það yfirvald sem er tilnefnt sem þar til bært í þessu skyni í upprunaríkinu eða ríkinu sem réttthafi kemur frá skal vottfesta hvaða atvinnustarfsemi hann hafi í raun og veru lagt stund á og hve lengi. Vottorð skulu útfyllt með tilliti til viðurkenndrar lýsingar á því starfi sem um ræðir og látin er í té af aðildarríkinu þar sem réttthafi æskir að gegna slíku starfi annaðhvort tímabundið eða til langframa;
3. gistiríkið skal veita leyfi til að stunda þá starfsemi sem um ræðir að því tilskildu að hið vottfesta starf samsvari í megindrátum lýsingunni á starfinu samkvæmt 1. mgr. og að því tilskildu að öðrum reglum sem settar eru af því ríki sé fullnægt.

7. gr.

1. Þar sem svo háttar til í aðildarríki að leyfi til að hefja og stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 2. gr., en ekki er minnst á í 5. gr., er háð því skilyrði að hlutaðeigandi aðili búi yfir almennri, viðskipta- eða fagþekkingu og hæfni, skal það aðildarríki viðurkenna sem nægilegan vitnisburð um slíka þekkingu og hæfni hafi viðkomandi stundað sambærilegan rekstur í öðru aðildarríki í einhvern þann tíma sem hér er tilgreindur:

- a) þrjú ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu; eða
- b) tvö ár samfelld annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu enda geti réttthafi sýnt fram á að hann hafi áður hlotið þjálfun á því sviði sem um ræðir, staðfest með vottorði sem ríkið viðurkennir eða þar til bær fagfélög eða -samtök telja fullnægjandi; eða

c) tvö ár samfellt annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu enda geti réttthafi sýnt fram á að hann hafi stundað þá starfsemi sem um ræðir í minnst þrjú ár á annarra vegum; eða

d) þrjú ár samfellt á annarra vegum enda geti réttthafi sýnt fram á að hann hafi hlotið þjálfun til þess starfs er um ræðir, staðfest með vottorðum sem ríkið viðurkennir eða þar til bær fagfélög eða -samtök telja fullnægjandi.

Gistiríkið getur farið fram á það við ríkisborgara annarra aðildarríkja, svo fremi sem það krefjist slíks af eigin ríkisborgurum, að þeir hafi stundað umrædda starfsgrein (eða skylda starfsgrein) og hlotið starfsmenntun á því sviði í gistiríkinu þar sem réttahafinn óskar eftir að öðlast staðfestu.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í a- og c-lið 1. mgr. mega ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að starfi á því sviði sem um ræðir lauk, miðað við dagsetningu umsóknar þeirrar er greint er frá í 9. gr. Á hinn bóginn geta aðildarríki sem kveða á um styttra tímabil fyrir eigin ríkisborgara látið það sama gilda um réttthafa.

3. Að því er varðar aðgang starfsemi sem tengist fjárhættuspilum og heyrir undir ISIC flokka 843 og 859, nema ef um spilakassa er að ræða, skal gistiríkið, þrátt fyrir 1. mgr., kveða upp úr um starfshæfni umsækjenda að ekki séu notaðir ólíkir mælikvarðar fyrir ríkisborgara þess ríkis og ríkisborgara annars aðildarríkis.

8. gr.

Einstaklingur telst hafa gegnt stjórnunarstöðu, samkvæmt skilningi 5. og 7. gr., hafi hann haft eftirfarandi störf með höndum í iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki á því sviði sem um ræðir:

- veitt fyrirtæki eða útibúi forstöðu; eða
- verið fulltrúi eiganda eða forstöðumanns fyrirtækis þar sem slík staða felur í sér sambærilega ábyrgð og eigandi eða forstöðumaður ber; eða
- verið í stjórnunarstarfi sem felur í sér ábyrgð á viðskiptum einnar eða fleiri deilda fyrirtækisins.

9. gr.

Leggja skal fram sönnun þess að skilyrðum sem um getur í 5. gr. og 1. mgr. 7. gr. hafi verið fullnægt með vottorði sem gefið er út af þar til bæru yfirvaldi eða stofnun í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hlutaðeigandi einstaklingur kemur frá og skal hann leggja það fram til stuðnings umsókn um leyfi til að fá að stunda þá starfsemi sem hér um ræðir í gistiríkinu.

10. gr.

Aðildarríkjunum ber, innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 12. gr., að tilnefna lögbær yfivöld og stofnanir sem skulu gefa út þau vottorð sem getið er í 6. og 9. gr. og tilkynna það öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni.

11. gr.

Bráðabirgðaákvæði sem sett eru í tilskipun þessari gilda þar til ákvæði um samræmingu á innlendum reglum um leyfi til að hefja og stunda þá starfsemi sem hér um ræðir hafa tekið gildi.

12. gr.

Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fara að tilskipun þessari innan tólf mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

13. gr.

Aðildarríkjunum ber að tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 16. júní 1975.

Fyrir hönd ráðsins,

R. RYAN

forseti.

VIÐAUKI

Starfsemi sem getið er í 1. mgr. 2. gr.

Yfir- flokkur(*)	Flokkur(*)
úr 04	Fiskveiðar
	043 Fiskveiðar í ám og vötnum
úr 38	Framleiðsla samgöngutækja
	381 Skipasmíðar og viðgerðir
	382 Framleiðsla járnbrautataækja
	386 Framleiðsla loftfara (að meðtöldum geimtækjum)
úr 62	Bankar og aðrar fjármálastofnanir
	úr 620 Einkaleyfisstofur og löggildingarstofur
úr 71	Starfsemi tengd flutningum og starfsemi önnur en flutningar sem heyra undir eftirtalda flokka:
	úr 711 Þjónusta við svefn- og matarvagna; viðhald járnbrautataækja í viðhalds-skýlum; hreinsun vagna
	úr 712 Viðhald tækja fyrir farþegaflutninga innanbæjar, í úthverfum og milli bæja og borga
	úr 713 Viðhald tækja fyrir annan farþegaflutning á landi (svo sem bifreiða, langferðabíla, leigubifreiða)
	úr 714 Rekstur og viðhald mannvirkja tengdra samgöngum á landi (svo sem vega, jarðgangna, tollbrúa, vörugeymsla, bílastæða, strætisvagna- og sporvagnageymsla)
	úr 716 Starfsemi tengd samgöngum á ám og vötnum (svo sem rekstur og viðhald vatnaleiða, hafna og annarra mannvirkja tengdra samgöngum á ám og vötnum; dráttar- og lóðspjónusta í höfnum, lagning bauja, fering og afferming skipa og önnur skyld starfsemi, svo sem björgun skipa, dráttur og rekstur húsbáta)
úr 71	Flutningar
	úr 713 Farþegaflutningar á vegum, að frátöldum flutningi með bifreiðum
	úr 719 Flutningur fljótandi kolvetnis og annarra fljótandi efna eftir leiðslum
73	Boðmiðlun: pósthjónusta og fjarskipti
úr 82	Félagsleg þjónusta
	827 Bókasöfn, söfn, lysti- og dýragarðar
úr 84	Leikja- og skemmtiþjónusta
	úr 843 Leikja- og skemmtiþjónusta ótalið annars staðar:
	— starfsemi tengd íþróttum (íþróttasvæði, skipulagning íþróttamannvirkja, o. s. frv.) þó ekki starf íþróttaleiðbeinenda
	— leikir (hesthús og tanningasvæði fyrir veðhlaupahesta, leikjasvæði, veðhlaupabrautir, o. s. frv.)
	— önnur afþreyingarstarfsemi (fjölleikahús, skemmtigarðar og aðrar skemmtanir)

(*) Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (*International Standard Industrial Classification of All Economic Activities* (Statistical Office of the United Nations, Statistical Studies, Series M No 4, Rev. 1, New York 1958)).

Yfir-
flokkur Flokkur

- úr 85 Þjónustugreinar
- úr 851 Heimilishjálp
- 854 Þvottahús og þvottþjónusta, þurrhreinun og litun
- úr 855 Snyrtistofur og handsnyrtiþjónusta, að frátalinni þjónustu fótisnyrta og skólum snyrtifræðinga og hárgreiðslufólks
- úr 856 Ljósmyndastofur: ljósmyndun og auglýsingaljósmyndun, að frátöldum blaðaljósmyndurum
- úr 859 Þjónustugreinar sem ekki eru skilgreindar annars staðar, að frátöldum íþróttum og sjúkranuði og fjallaleiðsögumönnum, sem skiptast í eftirtalda flokka:
- viðhald og hreinun bygginga og gistirýmis
 - sóthreinsun og meindýraeyðing
 - fataleiga og geymsluaðstaða
 - hjúskaparmiðlun og önnur skyld þjónusta
 - stjörnuspeki, spádómar og þess háttar
 - skolp og sorphirða og önnur skyld starfsemi
 - útfararþjónusta og viðhald kirkjugarða
 - fararstjórar og túlkandi leiðsögumenn

3. maí 1999

Nr. 303

REGLUGERÐ

um afladagbækur.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar veiðar íslenskra fiskiskipa hvort sem þær fara fram innan eða utan íslensku fiskveiðilögsögunnar, nema annað sé sérstaklega tekið fram í reglum um viðkomandi veiðar.

2. gr.

Allir skipstjórar íslenskra fiskiskipa, sem veiðar stunda í atvinnuskyni skulu halda sérstakar afladagbækur. Þær upplýsingar sem þar eru skráðar skulu nýttast í vísindalegum tilgangi fyrir Hafrannsóknastofnun, sem eftirlitsgögn fyrir Fiskistofu og Landhelgisgæslu og til annarra verkefna er varða stjórnun fiskveiða. Að öðru leyti skulu upplýsingar úr afladagbókum vera trúnaðarmál milli ofangreindra aðila og skipstjóra.

3. gr.

Fiskistofa gefur út afladagbækur sem skipstjórar skulu færa svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Bækurnar skulu vera innbundnar, í tvíriti og með númeruðum síðum. Skal Fiskistofa hafa yfirlit yfir hvaða síðunúmer eru í bókum sem ætlaðar eru til notkunar í hverju skipi. Óheimilt er að fjarlægja síður úr bókum, sbr. þó 8. gr.

Allt sem fært er í afladagbók, skal vera skýrt og læsilegt með varanlegu lettri. Ekki má eyða eða gera á annan hátt ólæsilegt það sem eitt sinn hefur verið í þær fært þótt fyrst hafi verið misfært af vangá. Þurfi að gera breytingu á færslu skal það gert með annarri færslu eða þannig að hin ranga færsla verði áfram vel læsileg að leiðréttingu lokinni.